



Alþingi - nefndasvið
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Umsögn Reykjavíkurborgar um 60. mál, þingsályktunartillaga 152. löggjafarþing 2022-2023, Sundabraut.

Umsagnarbeiðni barst Reykjavíkurborg um þingsályktunartillögu um Sundabraut. Þakkar Reykjavíkurborg fyrir tækifærið til að koma umsögn um málið á framfæri.

Undirbúningur Sundabrautarverkefnisins hefur staðið yfir síðustu misseri í samstarfi Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar og er mikilvægum áföngum þegar lokið. Framundan eru margvíslegir lögbundnir ferlar vegna verkefnisins s.s. mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar umhverfismat, og frumhönnun vegna framkvæmda, breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur með tilheyrandi umhverfismati valkosta og gerð deiliskipulags. Í öllum þessum liðum verkefnisins skipar samráð og samtal við íbúa veigamikinn sess.

Sundabrautarverkefnið er kostnaðarsamt, umfangsmikið og flókið og mun hafa víðtæk áhrif sem samgönguframkvæmd. Því er mikilvægt að standa vel að öllum undirbúningi, tryggja að allir sem koma að verkefninu séu samstíga og sem mest sátt sé sköpuð um verkefnið. Einnig er mikilvægt að vandað sé vel til verka við gerð umhverfismats og kostir og gallar hvers valkostar og hönnunarúrlausna séu metnir. Meta þarf almenn áhrif framkvæmdarinnar á samfélag, byggð, umhverfi og náttúru í stóru samhengi og mikilvægt er að það sé gert í góðu samtali við hagsmunaaðila, íbúa í nágrenni við framkvæmdasvæðið sem og almenning í heild sinni. Reikna má með að umhverfis- og skipulagsferlar taki tvö ár hið minnsta. Í framhaldi af því þurfi að ráðast í verkhönnun verkefnisins.

Á grundvelli þess sem rekið hefur verið hér á undan er ekki talið raunhæft að flýta framkvæmdum við Sundabraut líkt og þingsályktunartillagan kveður á um en samkvæmt fyrirbyggjandi tímaferli er ekki hægt að gera ráð fyrir því að framkvæmdir hefjist fyrr en árið 2026.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri